Ed. **566. Nefndarálit**

um frv. til laga um hafnargerð á Akranesi.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Einn nefndarmanna (HSteins) leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Annar nefndarmanna (IP) telur sér ekki fært að leggja til, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi, en undirritaður vill afgreiða frv. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 2. gr. Í stað orðanna »kr. 500000 — fimm hundruð þúsund króna« komi: $^{2}/_{3}$ hluta kostnaðar við hafnargerðina, að frádregnum styrk ríkissjóðs, þó ekki yfir 480000 — fjögur hundruð og áttatíu þúsund króna. —

Alþingi, 15. apríl 1930.